

|                       |            |  |           |
|-----------------------|------------|--|-----------|
|                       | <b>I</b>   | <b>EES-STOFNANIR</b>   |           |
|                       | 1.         | <b>EES-ráðið</b>   |           |
|                       | 2.         | <b>Sameiginlega EES-nefndin</b>  |           |
|                       |            | TIL LESENDA .....  | <b>1</b>  |
| <b>2004/EES/32/01</b> |            | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki), bókun 22 (um skilgreiningu á „fyrirtæki“ og „veltu“ (56. gr.)) og bókun 24 (um samvinnu varðandi eftirlit með samfylkingum) við EES-samninginn ..... | <b>1</b>  |
| <b>2004/EES/32/02</b> |            | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 24 (um samvinnu varðandi eftirlit með samfylkingum) við EES-samninginn .....   | <b>10</b> |
|                       | 3.         | <b>Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>   |           |
|                       | 4.         | <b>Ráðgjafarnefnd EES</b>  |           |
|                       | <b>II</b>  | <b>EFTA-STOFNANIR</b>  |           |
|                       | 1.         | <b>Fastanefnd EFTA-ríkjanna</b>  |           |
|                       | 2.         | <b>Eftirlitsstofnun EFTA</b>   |           |
|                       | 3.         | <b>EFTA-dómstóllinn</b>  |           |
|                       | <b>III</b> | <b>EB-STOFNANIR</b>  |           |
|                       | 1.         | <b>Ráðið</b>   |           |
|                       | 2.         | <b>Framkvæmdastjórnin</b>  |           |
|                       | 3.         | <b>Dómstóllinn</b>   |           |

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### TIL LESENDA

Vegna sérstakra ástæðna birtast ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004 og 79/2004 frá 8. júní 2004 á undan öðrum ákvörðunum sem nefndin tók sama dag.

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 78/2004

2004/EES/32/01

frá 4. júní 2004

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki), bókun 22 (um skilgreiningu á „fyrirtæki“ og „veltu“ (56. gr.) og bókun 24 (um samvinnu varðandi eftirlit með samfylkingum) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIV. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg <sup>(1)</sup>.
- 2) Bókun 21 við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg <sup>(1)</sup>.
- 3) Bókun 22 við samninginn hefur ekki verið breytt áður með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.
- 4) Bókun 24 við samninginn hefur ekki verið breytt áður með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.
- 5) Ákvæði 57. gr. samningsins eru lagagrundvöllur eftirlits með samfylkingum á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 6) Ákvæðum 57. gr. skal beitt í samræmi við ákvæði bókana 21 og 24 og XIV. viðauka, þar sem mælt er fyrir um reglur um eftirlit með samfylkingum.
- 7) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja hefur verið felld inn í XIV. viðauka og bókun 21 við samninginn, og vísað er til hennar í bókun 24.
- 8) Ákvæðum XIV. viðauka og bókunar 21 var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/1998 frá 27. mars 1998 <sup>(2)</sup> um að fella inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 1310/97 frá 30. júní 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 4064/89 <sup>(3)</sup> í samræmi við það markmið að halda Evrópska efnahagssvæðinu öflugum og einsleitu með sameiginlegum reglum og jöfnum samkeppnisskilyrðum.
- 9) Í reglugerð (EB) nr. 1310/97 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 4064/89 eru ákvæði um breytingar á 3. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar. Rétt er að gera samsvarandi breytingar á bókun 22 við samninginn.
- 10) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) <sup>(4)</sup> kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 4064/89 og fellur hin síðarnefnda þar með úr gildi.
- 11) Rétt er að fella reglugerð (EB) nr. 139/2004 inn í XIV. viðauka og bókun 21 við samninginn og vísa til hennar í bókun 24 í því skyni að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum á Evrópska efnahagssvæðinu.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 310, 19.11.1998, bls. 9 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 19.11.1998, bls. 190.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 189, 7.9.1997, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

5. gr.

1. gr.

XIV. viðauki við samninginn breytist sem segir í I. viðauka við ákvörðun þessa.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 139/2004, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

2. gr.

Bókun 21 við samninginn breytist sem segir í II. viðauka við ákvörðun þessa.

6. gr.

3. gr.

Bókun 22 við samninginn breytist sem segir í III. viðauka við ákvörðun þessa.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Bókun 24 við samninginn breytist sem segir í IV. viðauka við ákvörðun þessa.

7. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**S. Gillespie**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## I. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004

Í stað texta 1. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89) í XIV. viðauka við samninginn komi eftirfarandi:

„**32004 R 0139**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) (Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 1. mgr. 1. gr. bætist orðin „eða samsvarandi ákvæði í bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn“ við á eftir orðunum „Með fyrirvara um 5. mgr. 4. gr.“.
 

Í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“ komi jafnframt orðin „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“.
- b) Í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“ í 2. mgr. 1. gr. komi orðin „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“.
 

Í stað orðanna „innan bandalagsins“ komi jafnframt orðin „innan bandalagsins eða innan EFTA“.

Í síðustu setningunni komi í stað orðanna „aðildarríki“ orðin „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“.
- c) Í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“ í 3. mgr. 1. gr. komi orðin „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“.
 

Í stað orðanna „innan bandalagsins“ komi jafnframt orðin „innan bandalagsins eða innan EFTA“.

Í stað orðanna „aðildarríkja“ í b- og c-lið 3. mgr. 1. gr. komi orðin „aðildarríkja eða hverju og einu að minnsta kosti þriggja EFTA-ríkja“.

Í síðustu setningunni komi í stað orðanna „aðildarríki“ orðin „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“.
- d) Ákvæði 4. og 5. mgr. 1. gr. skulu ekki gilda.
- e) Í stað orðanna „kröfur hins sameiginlega markaðar“ í fyrsta málslíð 1. mgr. 2. gr. komi orðin „framkvæmd EES-samningsins“.
- f) Í stað orðanna „kröfur hins sameiginlega markaðar“ í lok 2. mgr. 2. gr. komi orðin „framkvæmd EES-samningsins“.
- g) Í stað orðanna „kröfur hins sameiginlega markaðar“ í lok 3. mgr. 2. gr. komi orðin „framkvæmd EES-samningsins“.
- h) Í stað orðanna „kröfur hins sameiginlega markaðar“ í lok 4. mgr. 2. gr. komi orðin „framkvæmd EES-samningsins“.
- i) Í stað orðanna „aðildarríkis“ í b-lið 5. mgr. 3. gr. komi orðin „aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis“.
- j) Í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“ í fyrsta málslíð 1. mgr. 4. gr. komi orðin „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“.
 

Á eftir orðunum „framkvæmdastjórninni“ í fyrsta málslíð bætist jafnframt við orðin „í samræmi við 57. gr. EES-samningsins“.

Í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“ í öðrum málslíð 1. mgr. 4. gr. komi orðin „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“.
- k) Síðasti málslíður 1. mgr. 5. gr. hljóði svo:
 

„Velta, innan bandalagsins eða í aðildarríki EB, skal samanstanda af tekjum af sölu vöru og þjónustu til fyrirtækja eða neytenda innan bandalagsins eða því aðildarríki EB eftir því sem við á. Hið sama skal gilda að því er varðar veltu á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild eða í einstökum EFTA-ríkjum“.
- l) Síðasti málslíður a-liðar 3. mgr. 5. gr. hljóði svo:
 

„Til veltu lánastofnunar eða fjármálastofnunar innan bandalagsins eða í aðildarríki EB skal telja, eins og skilgreint er hér að framan, tekjulíði útibús eða deildar þeirrar stofnunar sem er með staðfestu í bandalaginu eða í aðildarríki EB eftir því sem við á. Hið sama skal gilda að því er varðar veltu lánastofnunar eða fjármálastofnunar á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild eða í einstökum EFTA-ríkjum.“
- m) Í stað síðustu setningar b-liðar 3. mgr. 5. gr., „... skal taka til greina heildariðgjöld greidd af íbúum innan bandalagsins og af íbúum innan eins aðildarríkis“, komi eftirfarandi:
 

„... skal taka til greina heildariðgjöld greidd af íbúum innan bandalagsins og af íbúum eins aðildarríkis EB. Hið sama skal gilda að því er varðar heildariðgjöld greidd af íbúum á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild og íbúum einstakra EFTA-ríkja.“

*II. VIÐAUKI*

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004

Í stað texta 1. mgr. 1. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89) í 3. gr. bókunar 21 við samninginn komi eftirfarandi:

„**32004 R 0139**: Ákvæði 4. og 5. mgr. 4. gr., 6.–12. gr., 14.–21. gr. og 23.–26. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerðar EB) (Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).“

*III. VIÐAUKI*

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004

Í stað 3. gr. í bókun 22 við samninginn komi eftirfarandi:

„Eftirfarandi skal nota í stað veltu:

- a) að því er varðar lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir: summu eftirtalinnna tekjuliða, eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun ráðsins 86/635/EBE, að fráðregnum virðisaukaskatti og öðrum sköttum sem tengjast þessum tekjuliðum beint, eftir því sem við á:
- i) vaxtatekjur og áþekkar tekjur,
  - ii) tekjur af verðbréfum:
    - tekjur af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun,
    - tekjur af hlutdeild í öðrum fyrirtækjum,
    - tekjur af hlutum í tengdum fyrirtækjum,
  - iii) þóknunartekjur,
  - iv) hreinar tekjur af fjármálastarfsemi,
  - v) aðrar rekstrartekjur.

Til veltu lánastofnunar eða fjármálastofnunar á því svæði sem samningurinn tekur til skal telja, eins og skilgreint er hér að framan, tekjuliði útibús eða deildar þeirrar stofnunar sem er með staðfestu á því svæði sem samningurinn tekur til,

- b) að því er varðar váttryggingafélög: verðmæti bókfærðra iðgjalda, þ.e. allar fjárhæðir sem fengist hafa eða munu fást vegna tryggingasamninga sem váttryggingafélögin eða aðrir fyrir þeirra hönd hafa gert, auk endurtryggingaiðgjalda, að fráðregnum sköttum og skattatengdum framlögum eða gjöldum sem eru innheimt vegna einstakra iðgjalda eða heildariðgjalda; að því er varðar b-lið 2. mgr., b-, c- og d-lið 3. mgr. og lokahluta 2. og 3. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 skal taka tillit til iðgjalda frá íbúum á svæðinu sem samningurinn tekur til.“

*IV. VIÐAUKI*

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004

Í stað bókunar 24 við samninginn komi eftirfarandi:

**„BÓKUN 24****UM SAMVINNU VARÐANDI EFTIRLIT MEÐ SAMFYLKINGUM****ALMENNAR MEGINREGLUR***1. gr.*

1. Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB skulu skiptast á upplýsingum og ráðfæra sig hvor við aðra um almenn stefnumál fari önnur hvor þessara eftirlitsstofnana fram á það.
2. Í málum, sem falla undir a-lið 2. mgr. 57. gr. samningsins, skulu framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA vinna saman að meðferð samfylkinga eins og segir í ákvæðunum hér á eftir.
3. Í þessari bókun merkir hugtakið „svæði eftirlitsstofnunar“, að því er varðar framkvæmdastjórn EB, það svæði aðildarríkja EB sem stofnsáttmáli Evrópubandalagsins tekur til með skilmálum þeim sem settir eru í þeim sáttmála og, að því er varðar Eftirlitsstofnun EFTA, það svæði EFTA-ríkjanna sem samningurinn tekur til.

*2. gr.*

1. Í samræmi við ákvæði þessarar bókunar skal efna til samvinnu þegar:
  - a) samanlögð velta hlutaðeigandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna er 25% eða meira af heildarveltu þeirra á svæðinu sem samningurinn tekur til, eða
  - b) a.m.k. tvö hlutaðeigandi fyrirtæki hafa, hvort um sig, meiri veltu en 250 milljónir evra á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, eða
  - c) líkur eru á að samfylkingin skapi eða styrki yfirburðastöðu sem á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna eða stórum hluta þess yrði virkri samkeppni veruleg hindrun.
2. Einnig skal efnt til samvinnu þegar:
  - a) samfylkingin uppfyllir skilyrði fyrir vísun málsins áfram skv. 6. gr.
  - b) EFTA-ríki óskar eftir að gera ráðstafanir til verndar lögmætum hagsmunum eins og sett er fram í 7. gr.

**UPPHAF MÁLAREKSTURS***3. gr.*

1. Framkvæmdastjórn EB skal senda Eftirlitsstofnun EFTA afrit af tilkynningum um þau mál, sem um getur í 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 2. gr., innan þriggja virkra daga og senda, eins fljótt og auðið er, afrit af mikilvægustu skjölunum sem eru geymd hjá framkvæmdastjórn EB eða hún gefur út.
2. Framkvæmdastjórn EB skal framfylgja málsmeðferðarreglum um framkvæmd 57. gr. samningsins í nánnum og stöðugum tengslum við Eftirlitsstofnun EFTA. Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríki geta látið í ljós álit sitt á þessari málsmeðferð. Framkvæmdastjórn EB skal, að því er 1. mgr. 6. gr. þessarar bókunar varðar, fá upplýsingar frá lögberu yfirvaldi hlutaðeigandi EFTA-ríkis og gefa því kost á að láta álit sitt í ljós á öllum stigum málsmeðferðarinnar þar til ákvörðun hefur verið samþykkt samkvæmt þeirri grein. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórn EB veita þeim aðgang að málskjöllum.

Skjöl, sem fara milli framkvæmdastjórnarinnar og EFTA-ríkis samkvæmt þessari bókun, skulu lögð fram fyrir milligöngu Eftirlitsstofnunar EFTA.

**SKÝRSLUGJÖF***4. gr.*

Í málum, sem um getur í 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 2. gr., skal framkvæmdastjórn EB bjóða Eftirlitsstofnun EFTA að vera við skýrslugjöf hlutaðeigandi fyrirtækja. EFTA-ríkin mega einnig hafa fulltrúa við þessa skýrslugjöf.

**RÁÐGJAFARNEFND EB UM SAMFYLKINGAR***5. gr.*

1. Í málum, sem um getur í 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 2. gr., skal framkvæmdastjórn EB tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA með góðum fyrirvara um fundardag ráðgjafarnefndar EB um samfylkingar og senda viðeigandi skjöl.
2. Öll skjöl, send í þessum tilgangi frá Eftirlitsstofnun EFTA, að meðtöldum skjölum frá EFTA-ríkjum, skulu lögð fyrir ráðgjafarnefnd EB um samfylkingar ásamt öðrum viðeigandi skjölum frá framkvæmdastjórn EB.
3. Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkin eiga rétt á að sitja fundi ráðgjafarnefndar EB um samfylkingar og láta álit sitt í ljós en hafa ekki atkvæðisrétt.

**RÉTTINDI EINSTAKRA RÍKJA***6. gr.*

1. Framkvæmdastjórn EB getur, með ákvörðun sem þegar í stað er tilkynnt hlutaðeigandi fyrirtækjum, lögbærum yfirvöldum aðildarríkja EB og Eftirlitsstofnun EFTA, vísað tilkynntri samfylkingu til EFTA-ríkis, í heild eða að hluta, þar sem:

- a) hætta er á að samfylking yrði samkeppni veruleg hindrun á markaði í því EFTA-ríki, sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar, eða
- b) samfylking hefur áhrif á samkeppni á markaði í því EFTA-ríki, sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar og sem telst ekki verulegur hluti þess svæðis sem samningurinn tekur til.

2. Í málum, sem um getur í 1. mgr., getur EFTA-ríki leitað til Evrópudómstólsins, af sömu ástæðum og með sömu skilyrðum og aðildarríki EB skv. 230. og 243. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og farið sérstaklega fram á að grípa til bráðabirgðarástafana svo að það geti beitt innlendum samkeppnislögum.

3. (Enginn texti)

4. Áður en tilkynnt er um samfylkingu í skilningi 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 er aðilum eða fyrirtækjum, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, heimilt að tilkynna framkvæmdastjórn EB, með því að senda rökstudda greinargerð, að samfylkingin geti haft veruleg áhrif á samkeppni á markaði í EFTA-ríki sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar og því nauðsynlegt að EFTA-ríkið rannsaki hana í heild eða að hluta.

Framkvæmdastjórn EB skal senda allar greinargerðir skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 og þessari málsgrein þegar í stað til Eftirlitsstofnunar EFTA.

5. Að því er varðar samfylkingu eins og hún er skilgreind í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, sem tekur ekki til Bandalagsins í skilningi 1. gr. þeirrar reglugerðar, og sem heimilt er að endurskoða samkvæmt innlendum samkeppnislögum í minnst þremur aðildarríkjum EB og minnst einu EFTA-ríki, er þeim aðilum eða fyrirtækjum, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, heimilt, áður en tilkynningin er send til samkeppnisyrvalda, að senda framkvæmdastjórn EB greinargerð, studda rökum þess efnis að rétt sé að framkvæmdastjórnin rannsaki samfylkinguna.

Framkvæmdastjórn EB skal senda allar greinargerðir skv. 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 þegar í stað til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Ef eitt þessara EFTA-ríkja lýsir sig ósammála því að vísa málinu áfram skal lögbært EFTA-ríki, eitt eða fleiri, halda lögsögu sinni og er málinu þá ekki vísað frá EFTA-ríkjunum samkvæmt þessari málsgrein.



*7. gr.*

1. Enda þótt framkvæmdastjórn EB sé ein bær til að fjalla um samfylkingar innan Bandalagsins, eins og fram kemur í reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004, geta EFTA-ríki gert viðeigandi ráðstafanir til þess að vernda lögmæta hagsmuni, aðra en þá sem tillit er tekið til í framangreindri reglugerð og samrýmast almennum meginreglum og öðrum ákvæðum eins og kveðið er á um, beint eða óbeint, í samningnum.
2. Líta skal á almannaoöryggi, fjölmiðlafrelsi og varfærnisreglur sem lögmæta hagsmuni í skilningi 1. mgr.
3. Önnur almenn hagsmunamál verður að tilkynna til framkvæmdastjórnar EB og skal hún taka afstöðu til þeirra eftir að metið hefur verið hvort þau samrýmast almennum meginreglum og öðrum ákvæðum eins og kveðið er á um, beint eða óbeint, í samningnum áður en gripið er til þeirra ráðstafana sem um getur hér að framan. Framkvæmdastjórn EB skal gera Eftirlitsstofnun EFTA og hlutaðeigandi EFTA-ríki grein fyrir ákvörðun sinni innan 25 virkra daga frá tilkynningunni.

**ADSTOÐ STJÓRNVALDA***8. gr.*

1. Þegar framkvæmdastjórn EB tekur ákvörðun um að biðja einstakling, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja á yfirráðasvæði Eftirlitsstofnunar EFTA um upplýsingar skal hún senda afrit af beiðninni til Eftirlitsstofnunar EFTA án tafar. Framkvæmdastjórn EB skal einnig, komi sérstök beiðni um það frá Eftirlitsstofnun EFTA, senda Eftirlitsstofnun EFTA afrit af einföldum beiðnum um upplýsingar varðandi samfylkingu sem tilkynnt hefur verið um.
2. Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkin skulu, að beiðni framkvæmdastjórnar EB, veita henni allar nauðsynlegar upplýsingar til að henni sé unnt að gegna þeim störfum sem henni eru falin skv. 57. gr. samningsins.
3. Þegar framkvæmdastjórn EB, með fullu samþykki viðkomandi, tekur viðtal við einstakling eða lögpersónu á yfirráðasvæði Eftirlitsstofnunar EFTA skal upplýsa síðarnefndu stofnunina um það fyrir fram. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að vera viðstödd viðtalið, svo og embættismönnum frá samkeppnisyrvaldinu á því svæði þar sem viðtalið fer fram.
4. (Enginn texti)
5. (Enginn texti)
6. (Enginn texti)
7. Ef framkvæmdastjórn EB lætur fara fram rannsókn á yfirráðasvæði Bandalagsins skal hún, í málum sem falla undir 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 2. gr., tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA að slík rannsókn hafi farið fram og senda henni með viðeigandi hætti niðurstöður þær úr rannsókninni sem máli skipta, fari hún þess á leit.

**ÞAGNARSKYLDA***9. gr.*

1. Upplýsingar, sem fást með beitingu þessarar bókunar, skal eingöngu nota við málsmeðferð skv. 57. gr. samningsins.
2. Framkvæmdastjórn EB, Eftirlitsstofnun EFTA, samkeppnisyrfvöld í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjunum, embættismenn þeirra, opinberir starfsmenn þeirra og aðrir þeir sem vinna undir stjórn þessara stofnana, svo og embættismenn og opinberir starfsmenn annarra stofnana í aðildarríkjunum og EFTA-ríkjunum, skulu ekki veita öðrum upplýsingar, sem þeir fá með beitingu þessarar bókunar, eða upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu.
3. Reglur um þagnarskyldu og takmarkaða notkun upplýsinga, sem kveðið er á um í samningnum eða löggjöf samningsaðila, koma ekki í veg fyrir að skipst verði á upplýsingum og þær notaðar eins og sett er fram í þessari bókun.

**TILKYNNINGAR***10. gr.*

1. Fyrirtæki skulu beina tilkynningum sínum til þar til þærrar eftirlitsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 57. gr. samningsins.
2. Tilkynningar eða kvartanir sem beint er til eftirlitsstofnunar sem er ekki til þess bær að taka ákvarðanir um tiltekið mál skv. 57. gr. samningsins skal þegar í stað afhenda þar til bæru eftirlitsstofnuninni.

*11. gr.*

Sá dagur, þegar þar til bæra eftirlitsstofnunin fær tilkynningu í hendur, telst vera afhendingardagur hennar.

**TUNGUMÁL***12. gr.*

1. Í tilkynningum eiga fyrirtæki rétt á að nota það opinbera tungumál EFTA-rikis eða Bandalagsins sem þau kjósa og að Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB noti það einnig. Hið sama á við á öllum stigum málareksturs.
2. Kjósi fyrirtæki að beina máli sínu til eftirlitsstofnunar á tungumáli sem er ekki eitt af opinberum tungumálum þeirra ríkja sem lögsaga þeirrar stofnunar nær til, eða er ekki vinnutungumál þeirrar stofnunar, ber því jafnframt að láta fylgja með öllum skjölum þýðingu á einhverju opinberu tungumáli stofnunarinnar.
3. Fyrirtæki, sem ekki eru aðilar að tilkynningunni, skulu sömuleiðis eiga rétt á því að Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB beini máli sínu til þeirra á viðeigandi opinberu tungumáli EFTA-rikis eða Bandalagsins eða á vinnutungumáli annarrar hvorrar þessara stofnana. Kjósi þau að beina máli sínu til eftirlitsstofnunar á tungumáli, sem er ekki eitt af opinberum tungumálum þeirra ríkja sem lögsaga þeirrar stofnunar nær til, eða er ekki vinnutungumál þeirrar stofnunar, gildir 2. mgr.
4. Tungumálið, sem þýtt er á, er það tungumál sem lögbært yfirvald má nota í samskiptum við fyrirtækin.

**FRESTIR OG ÖNNUR VAFAATRÍÐI VIÐ MÁLSMEÐFERÐ***13. gr.*

Að því er varðar fresti og önnur vafaatriði við málsmeðferð, þ.m.t. málsmeðferð þegar samfylkingu er vísað á milli framkvæmdastjórnar EB og eins eða fleiri EFTA-rikja, gilda reglur um framkvæmd 57. gr. samningsins einnig um samvinnu milli framkvæmdastjórnar EB og Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-rikja, nema kveðið sé á um annað í þessari bókun.

Frestur, sem um getur í 4. og 5. mgr. 4. gr. og 2. og 6. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, hefst, að því er Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-rikin varðar, um leið og Eftirlitsstofnun EFTA tekur við þeim skjölum sem við eiga.

**BRÁDABIRGDAREGLA***14. gr.*

Ákvæði 57. gr. gilda ekki um samfylkingu sem var viðfangsefni samnings eða tilkynningar eða er þegar undir eftirliti fyrir gildistöku samningsins. Þau skulu ekki undir neinum kringumstæðum gilda um samfylkingu hafi innlend yfirvöld, sem bera ábyrgð á samkeppni, hafið málarekstur fyrir gildistöku.“

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 79/2004

2004/EES/32/02

frá 4. júní 2004

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki)  
og bókun 24 (um samvinnu varðandi eftirlit með samfylkingum) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

1. gr.

Í XIV. viðauka við samninginn komi eftirfarandi í stað texta aðlögunarliðar a) í 1. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004):

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„Í 1. mgr. 1. gr. bætist orðin „eða samsvarandi ákvæði í bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn“ við á eftir orðunum „Með fyrirvara um 5. mgr. 4. gr. og 22. gr.“.

- 1) XIV. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg <sup>(1)</sup>.
- 2) Bókun 21 við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg <sup>(1)</sup>.
- 3) Bókun 24 við samninginn hefur ekki verið breytt áður með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.
- 4) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) <sup>(2)</sup> var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004 frá 4. júní 2004 <sup>(3)</sup>.
- 5) Ákvæði 13. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 voru ekki felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004 frá 4. júní 2004.
- 6) Rétt er að fella ákvæði 13. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 inn í samninginn.

Í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“ komi jafnframt orðin „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“.

2. gr.

Í bókun 21 við samninginn komi eftirfarandi í stað texta 1. liðar (reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004) í 1. mgr. 3. gr.:

„**32004 R 0139**: Ákvæði 4. og 5. mgr. 4. gr. og 6.–26. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) (Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).“

3. gr.

Bókun 24 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi ný 3. mgr. bætist við í 6. gr.:

„3. Ef samfylking getur haft áhrif á viðskipti milli eins eða fleiri aðildarríkja EB og eins eða fleiri EFTA-ríkja skal framkvæmdastjórn EB tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA án tafar um hverja þá beiðni frá aðildarríki EB sem lögð er fram skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004.

Eitt eða fleiri EFTA-ríki geta lagt sameiginlega fram beiðni, sem um getur í fyrstu undirgrein, ef samfylkingin hefur áhrif á viðskipti milli eins eða fleiri aðildarríkja EB og eins eða fleiri EFTA-ríkja og hætta er á að samfylking yrði samkeppni veruleg hindrun á yfirráðasvæði EFTA-ríkisins eða ríkjanna sem leggja beiðnina fram sameiginlega.

Þegar tekið er við afriti af beiðni, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal fella alla innlenda fresti, er varða

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Sjá ákvörðunina hér að framan.

samfylkinguna, tímabundið úr gildi í EFTA-ríkjunum þar til skorið hefur verið úr um hvar samfylkingin skuli tekin til rannsóknar. Um leið og EFTA-ríki hefur veitt framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi fyrirtækjum upplýsingar um að það hyggist ekki leggja fram beiðni ásamt öðrum lýkur tímabundinni niðurfellingu fresta.

Ef framkvæmdastjórnin ákveður að taka samfylkingu til rannsóknar skal eitt eða fleiri EFTA-ríki, sem hafa lagt sameiginlega fram beiðni, ekki lengur beita innlendri löggjöf um samkeppni gagnvart samfylkingunni.“

2. Eftirfarandi nýjar 4., 5. og 6. mgr. bætist við í 8. gr.:

„4. Eftirlitsstofnun EFTA skal annast rannsóknir á eigin yfirlitssvæði að beiðni framkvæmdastjórnar EB.

5. Framkvæmdastjórn EB getur átt fulltrúa við rannsóknina sem fram fer skv. 4. mgr. og tekið virkan þátt í henni.

6. Allar upplýsingar, sem fást úr þessum rannsóknnum samkvæmt beiðni, skulu sendar til framkvæmdastjórnar EB um leið og rannsókn lýkur.“

3. Í stað „4. og 5. mgr. 4. gr. og 2. og 6. mgr. 9. gr.“ í síðari málsgrein 13. gr. komi „4. gr. (4. og 5. mgr.), 9. gr. (2. og 6. mgr.) og 22. gr. (2. mgr.)“.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**S. Gillespie**

formaður.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.